

Of fáar menntaðar nuddkonur hér á landi

**Spjallað við Arne Fredsted,
forstjóra danska landssam-
bandsins gegn lómunarveiki**

FYRIR skömmu dvaldist hér á landi danski Íslandsvinurinn Arne Fredsted, forstjóri danska landssambandsins gegn lómunarveiki. Direktör Fredsted var hér í sumarleyfi ásamt konu sinni. Hann hefur komið hingað til lands áður, en það var haustið 1955 er lómunarveikifaraldurinn gekk hér. Síðan hafa Íslendingar haft mjög náið samband við danska landssambandið og fengið mjög góða fyrirgreiðslu hjá þeirri stofnun. Tíðindamaður Mbl. hitti Fredsted forstjóra að máli og spurði hann um störf danska landssambandsins og sitt hvað fleira.

— Hvenær var danska landsambandið gegn lómunarveiki stofnað?

— Það var stofnað árið 1945, og er einkastofnun. Fyrsta hlutverk þess var að hefja vísindastörf og aðrar rannsóknir, er mættu verða til að hjálpa þeim, sem voru lómunarveikir. Í því skyni var komið á fót mikilli stofnun við Tuborgvej 5 í Kaupmannahöfn.

— Hver eru helztu viðfangsefni danska landssambandsins um þessar mundir?

— Eftir að mænuveikibólusetning hefur verið gerð reynum við á allan hátt að gera sjúklingana óháða og sjálfstæða bæði fjárhagslega og sem einstaklinga. Vegna þess hve fá ný mænuveikilífelli hafa komið upp í seinni tíð, höfum við getað snúið okkur að þeim þjóðhagslegu vandamálum, sem fylgja í kjölfar veikinnar. Á Tuborgvej 5 hefur t. d. verið sett upp æfingastöð þar sem hægt er að ganga úr skugga um andlega og líkamlega getu sjúklinganna með sérstökum prófum. Þessi próf eru fyrst og fremst fyrir mænuveikisjúklinga, en nú þegar hefur hæfni margra annarra sjúklinga verið reynd í æfingarstöð okkar. Höfum við framkvæmt þau próf á vegum trygginganna, og getum sagt um hve mikla örorku er að ræða í hvert skipti. — Margt af þeim störfum, sem þarna eru unnin hefir mikið vísindalegt gildi, og styrkir landsambandið vísindarannsóknir beint og óbeint. Hefur landssambandið þannig stuðlað að þátttöku í alþjóðlegum mótum. Í fyrra voru sendir fulltrúar af fjórða alþjóðlega lómunarveikimótið í Genf, og á því ári tók landssambandið einnig þátt í ráðstefnu til styrktar lömuðum, sem haldin var í London. Þar var haldin sýning á 800 munum, sem lömuðum mega að gagni koma og hlaut danskt eldhús fyrir lómunarveika fyrstu verðlaun á þessari sýningu, en í þessu eldhúsi var komið fyrir mörgum hreyfingum eldhústækjum. — Annar að meginviðfangsefni okkar er að hjálpa því fólki, sem hefur fengið öndunarlömun og verður að vera í stálunga. Eru nú 27 slíkir sjúklingar í Danmörku. Hefur mikið verið unnið að því, að leysa vandræði þessa fólks eins vel og mögulegt er. og stendur nú til að — upp húsi yfir þessa sjúklinga — sem þeir geta dvalist með fjölskyldum snium. Hefur verið reist 13 hæða hús við Hans Knudsens Plads í þessu skyni. Efst hæðin er innréttuð sem sjúkrahús og þar fá sjúklingarnir alla hjúkrun og læknaishjálp, sem þeir þurfa. Neðri hæðunum er skipt í íbúðir og þar búa aðstandendur hinna sjúku. Geta þeir hjúkrað þeim að einhverju leyti og fá greitt fyrir það, en húsnæðið fá þeir ókeypis. Með þessu móti sparast mikið fé, en auk þess gefst fólkinu kost-

ur á að hafa veika ástvini sína hjá sér. Við gerum ráð fyrir að kostnaður við hvern stálunga-



Arne Fredsted og frú.

sjúkling verði um 23 þúsund d. kr. á ári þarna, en til samannburðar má geta þess, að sjúkrahúsvist fyrir slíkan sjúkling kostar frá 36 til 66 þúsund d. kr. á ári.

— Hvað viljið þér segja mér um norræna samvinnu um lómunarveikivarnir?

— Mænuveikisamböndin hafa grundvallað raunhæft samstarf út frá þeirri staðreynd, að hér er um að ræða umgangssveiki, sem stundum herjar hér og stundum þar. Með sameiginlegum kröftum er auðveldara að vinna bug á veikinni. Á árunum 1951 til 1952 voru gerðir samningar milli Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur um gagnkvæma samvinnu á þessu sviði. Sú grundvallarregla gildir, að það ríki, sem verður hjálpar aðnjótandi, greiðir fyrir hana. Þetta samstarf hefur komið miklu góðu til leiðar. Ísland og Finnland gerðust aðilar að þessu sambandi síðar, með sérstökum skilyrðum. Þeir njóta fullra réttinda, en þurfa ekki að innka af hendi þær skyldur, sem lagðar eru á hin ríkin. Stjórn norræna sambandsins er skipuð tveimur fulltrúum frá mænuveikisambandinu í hverju landi og einum frá heilbrigðisstjórninni.

— Hvað viljið þér segja um dvöl yðar hér og skipun mænuveikimála hér á landi?

— Ég hef haft tækifæri til að ræða við landlækni og félagsmálaráðherra um skipan þessara mála hér á landi og norrænt samstarf almennt. Helzta vandamálið hér er hve fáar menntaðar nuddkonur eru til hér á landi, en ekki er gott að vita hve lengi hægt er að fá sérmenntað fólk erlendis frá. Þetta nám tekur um það bil tvö ár. Stúdentsmenntunar er ekki krafist, en flestar stúlkur, sem hafa lagt þetta fyrir sig eru stúdentar. Það var mér sérstakt ánægjuefni að sjá æfingarstöð lamaðra og fatlaðra hér, og fleira hef ég séð hér á landi, sem hefur vakið undrun mína og at-

hygli. Það væri mjög æskilegt, að eitthvert mót norrænu samtakanna gæti orðið á Íslandi. Hef ég þá einkum í huga hve ánægjulegt væri fyrir fulltrúa frá hinum Norðurlöndunum að koma hingað til lands. Ég hef átt þess kost að ferðast nokkuð um landið, mér til mikillar ánægju. Hef ég komið til Gullfoss og Geysis, var á hestamannamóti á Þingvöllum, fór að Laxá í Aðaldal og til Mývatns. Þegar við komum til Mývatns var hitinn þar 23 stig, en næsta dag hafði hann lækkað niður í tvö. Sú hitabreyting er

Hlustað á útvarp

Í ÞÆTTINUM Raddir skálda las Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, laugardaginn 26. júlí, söguna **Maður við fætur þér**. Ég hafði, auðvitað, áður lesið smásögu þessa og hún er ógleymanleg. Hún er ævisaga manns eins, sem hefur það að atvinnu að leggja gangstéttahellur en hugur hans er allur í músik og tónsmíðum. Jafnvel á götuhellurnar, sem hann er að fást við að koma fyrir (og gerir það af mestu vandvirkni) skrifar hann, sér til minnis nótur og færir þær svo síðar inn í litla vasabók. En kona hans er ekki hrifin af orgelspili hans og yfirhöfuð virðist áhugamál hans ekki mæta neinum skilningi. En hann gefst ekki upp við það, **getur** það blátt áfram ekki. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson segir þessa sögu ákaflega vel, af djúpri samúð og skilningi. — Ég fór að hugsa um það eftir að ég heyrði sögu þessa á ný, hversu ótalmargir þeir eru sem eins og litli maðurinn í sögu V.S.V. finnst þeir hafa allt annað hlutverk í lífinu, en það starf sem þeir vinna. Finnst þeir vera þrífari og hressari, eins og það er orðað „hafa lent á skakkri hillu“. Fyrir nokkrum árum (20–30) var það hreint og beint tízka að fólk var sívælandi um það að það hefði „lent á skakkri hillu“. Einkum voru það listamannsefni og námssjúkt fólk sem hafði „fengið þetta á heilann“. Nú, eftir að efnahagur manna hefur batnað og ríkið gerir öllum fært að fá nokkra (og ágæta) menntun, hefur þessi leiðinlegi barlómur hljóðnað mjög. Ungu fólkið er langtum raunsærra á sjálft sig, flest, og það eru aðeins oflátungar og hálfgerðir bjánar, sem halda að þeir húki á einhverri annarri hillu, en þeim bar að verðleikum. Menn hafa nú fæstir nokkra samúð með slíkum mönnum. Hitt er annað mál og óskýlt þessu að menn beri einlæga samhygd með því fólki, sem sökum sjúkdóma hefur orðið af því að ná því takmarki og þroska í lífinu sem von stóð til.

Um **Æskuslóðir** talaði Ragnar Jóhannesson skólastjóri. Nefndi hann erindið **Hvammstjórnir**. Var það snjallt erindi og fróðlegt og komst raunar nokkuð út fyrir æskuslóðir ræðumanns, sem var Búðardalur og nágrenni. Hvammstjórnir er stór, og liggja að honum margar sveitir í tveimur sýslum, hann er nokkurs konar innhaf, lokaður að framan af Breiðarfjarðareyjum, aðeins mjó sund milli þeirra og hver eyjan út af annarri. Ég hef orðið svo frægur að sigla á stóru skipi, **Esju** (eldri) inn Hvammstjórn og út aftur. Var það skemmtileg ferð, miklar og söguríkar og fagrar sveitir blöstu við. Árið 1904 reið ég norðan úr Skagafirði vestur í Ólafsvík á Snæfellsnesi. Þá voru allar ár, nema Blanda, óbrúðar og vatnavestir miklir um vorið. Þá komst ég fyrst í kynni við Hvammstjórnir er við riðum yfir „hælinn“ á honum. Var það klukkutíma reið í vatni og aldrei þurrt, frá því á miðjar síður og aðeins í hófskegg. Það er fagurt að sjá yfir fjörðinn af fjöllum Skógarstrandar, er Rauða melsheiði er farin. Hann blasir þar allur við ásamt blómlegum og söguríkum byggðum Dalasýslu og utar fjöldi eyja og Snæfellsnesfjöllin. Ragnar lýsti þessu héraði vel og var erindi hans mjög skemmtilegt.

Jónas Jónasson sá um þáttinn í **stuttu máli**, sunnudaginn 27. júlí. Var hann fjölbreyttur. Hann talaði við rithöfundinn Gunnar M. Magnúss um bók þá er skáldið skrifaði um hernámið (Virkið í norðri). Er bók sú fróðleg, en sumir hafa talið hana ekki með öllu hlutlausu. Ég hef aðeins lesið fyrsta bindið. G.M.M. sæði að

stýrjaldargullið hefði orðið „til lystisemda“, en það var nú ekki eingöngu til þeirra hluta, sem betur fór. — Þá var þáttur um Hirosima og fyrstu kjarnorkusprengjuna, sem U.S.A. lét dynja yfir þá borg. Japanir áttu víst allt illt skilið — sbr. „auga fyrir auga, tönn fyrir tönn“, eins og lögmál Gyðinga segir. En hryllið var þó sprengjukastið 6. ágúst 1945 er tugþúsundir kvenna og barna og saklausra manna fórust. — **Prófið** eftir Ingimund — gamansaga, en mikið vit fólst bak við gamansemina og nokkur ádeila á spekingana í alma mat-er. Svo var loks samtal við Miss **Adria**, hina fögru Ragnheiði Jónasdóttur.

Það var heldur lítið að græða á útvarpi frá móti Landssambands hestamanna á Þingvöllum. Slíkt mót eru ekki vel fallin til útvarps, þar verður sjón að vera sögu ríkari. Hefur efalaust verið tilkomumikil sjón að horfa á alla þá gæðinga víðs vegar að af landinu er þar voru saman komnir og að sjá hestamenn þenja hina skapmiklu og fögru hesta „í muggu og reykt“ Þingvallahrauns. Létu margir illa af moldrokinu. Ég mætti hóp hesta og manna á leið upp í Borgarfjörð. Voru þar vissulega margir fagrir og glæsilegir hestar. Ég var alinn upp í hestasveit, Skagafirðinum, og á æskuheimili mínu voru margir gæðingar, þar á meðal tveir svo frábærir, að þeirra er getið í bókinni **Horfirir góðhestar** eftir Ásgeir Jónsson. Þá var einn enn, sem engu síður hefði átt skilið að hans væri getið, en Ásgeir hefur, líklega ekki þekkt hann. Sá hestur hét **Smári** og var einhver mesti skeiðhestur í Skagafirði á sinum beztu árum.

Því miður varð ég af erindi Gylfa Þ. Gíslasonar um Ísrael sem vafalaust hefur verið fróðlegt og ágætt erindi. — Yfirleitt fer fjöldi góðra erinda fram hjá fólki um þetta leyti árs, menn eru annaðhvort önnur kafnir við vinnu sína á landi og sjó, eða þá á ferðalögum, hlusta helst á fréttir og þá einkum veður-fregnir.

Ég hlustaði á erindi Gunnars Hall um Ólöfu Loftsdóttur. Líklega hefur hún verið auðugasta kona, sem uppi hefur verið á Íslandi, dóttir Lofts Guttormssonar og kona Björns riddara, komu þar saman tvær auðugustu ættir landsins, en óhemjuauður hafði þá hrúgast á nokkrar ættir, eftir svartadauða. Ólöf var merkileg kona, mikilhæf og skapstór, barnsinnar aldar og í fremstu röð kvenna og höfðingja. Var erindi Gunnars Hall vel samið og vel flutt.

„Þegar þakið fauk af húsinu“, erindi með innskotum, nefndist ferðabáttur er Martin Larsen, lektor, flutti 1. ágúst. Var það gamansamt erindi um ferðalag til sveita hér á landi. Talar lektorinn ágæta íslenzku og er skáldmæltur vel, sbr. þýðing hans á vísu Snorra frá Húsafelli. Ég er að vísu ekki bókmenntafræðingur, en mér þótti samt sem ég hefði heyrt vísuna áður en hún var tekin upp í Brekkukotsannál, eða var það ekki svo? Af hverju þá að vitna í þá bók? Annars var erindi lektorsins vel samið en „innskotin“ voru heldur lítils virði.

Forsteinn Jónsson.

ALGEIRSBORG, 2. ágúst — Reuter— Tíu franskir hermenn voru drepnir og einn særðist alvarlega í dag í bardaga við skæru líða um 60 mílur suðvestur af Algeirsborg. Tveir skæruhlíðar féllu. Er síðast fréttist var enn barizt.

Styrkir úr Menningar- og minningarsjóði kvenna

NÝLEGA er lokið úthlutun styrkja úr Menningar- og minningarsjóði fyrir yfirstandandi ár. Úthlutað var 32 þúsund krónum til 18 kvenna. Nokkrar fleiri umsóknir bárust, er ekki var hægt að sinna að þessu sinni. Eftirfarandi styrkir voru veittir:

Alma E. Hansen, Rvk. Tónlist í Þýskalandi kr. 2000, Arnheiður Sigurðard., S-Þing. Íslenzk fr. Háskóli Ísl. kr. 2000, Áslaug Jóhannsd., Hveragerði. Efnafn. í Þýskal. kr. 3500. Ásgerður Ester Búadóttir, Rvk. Myndvefnaður kr. 1500 Gíslrún Sigurbjörnsd., Rvk. Listvefni í Austur. kr. 1000. Grimhildur Bragad., Árness. Tannlækn. í Þýskal. kr. 2500. Guðrún Jónsd., Rvk. Híðylaf. í Danm. kr. 1000. Guðrún Sigr. Magnúsd., V-Skapt. Ísl. fræði. Hásk. Ísl. kr. 1500. Gústa I. Sigurðard., Rvk. Franska og fr. bók. í Frakk. kr. 2500. Helen Louise Markan, Rvk. Söngur í Svíþjóð kr. 1000. Ingibjörg Stephensen, Rvk. Tallækn. í Engl. kr. 2000. Jóna Þorsteinsd., Rvk. Listvefnaður í Austurr. kr. 1000. Maia Sigurðard. Akureyri, Sálarf. í Bretlandi kr. 3500. Margrét E. Margeirsd., Rvk. Félagsmálafr. í Danm. kr. 1500. Olga Jóna Pétursd., Rvk. Sjúkranudd í Þýskal. kr. 1000. Sigrún Arnadóttir, Rvk. Ísl. fræði. Háskóli Ísl. kr. 1500. Solveig Kolbeinsd. Skagaf. Ísl. fræði. Háskóli Ísl. kr. 1000. Zita Kolbrún Benediktssd. Reykjavík. Tónlist í Danmörku, kr. 2000.